

Nd.

54. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. Nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

Flutningsmenn: Jón Jónsson og Þorsteinn Jónsson.

Hróarstungulæknishjeraði skal skift í tvö læknishjeruð sem hjer segir:

1. Hróarstungulæknishjerað: Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár upp að Gilsá, Hlíðarhreppur, Tunguhreppur, Hjaltastaðarhreppur og Eiðahreppur.
2. Bakkalæknishjerað: Borgarfjarðarhreppur.

Ástæður:

Skiftingin er að óskum hjeraðsbúa. Hjeraðið er allviðlent og mjög örðugt yfirferðar á veturnum vegna snjóþyngsla. Yfir vandan fjallgarð er að fara milli Borgarfjarðar og Fljótsdalshjaraðs, og læknirinn búsettur í austasta hreppi hjeraðsins, Borgarfirði, samkvæmt ályktun sýslunefndar Norður-Múlasýslu. Er hálf önnur dagleið að vitja læknis fyrir þá, sem eru á hinum enda læknishjaraðsins. Má því svo heita, að mikill hluti hjeraðsins sje læknislaus, því að ókleift er oft og tíðum að sækja lækni til Borgarfjarðar.